

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.
Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðurnesja (HS) selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli:

| <i>Til ibúða húshitunar</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|-----------------------------------|---------------|-----------------|
| VM1 m ³ | 184,18 | 187,28 kr./tonn |
| Niðurgreitt að 888 m ³ | -91,80 | kr./tonn |
| VM2 m ³ | 46,05 | 46,83 kr./tonn |
| Niðurgreitt m ³ | -22,95 | kr./tonn |
| VM2 kWh | 3,08 | 3,13 kr./kWh |
| Niðurgreitt kWh | -1,53 | kr./kWh |

| <i>Til húshitunar annars en ibúða</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|---------------------------------------|---------------|-----------------|
| VM3 m ³ | 145,33 | 150,21 kr./tonn |
| VM4 m ³ | 36,36 | 37,58 kr./tonn |
| VM4 kWh | 2,41 | 2,49 kr./kWh |

4. gr.

HS leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

| <i>Flokkur og stærð mæla</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|--------------------------------|---------------|------------------|
| MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni | 11.953,00 | 12.355,00 kr./ár |
| MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni | 32,75 | 33,85 kr./dag |
| MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm | 23.814,00 | 24.614,00 kr./ár |
| MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm | 65,24 | 67,44 kr./dag |
| MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri | 47.740,00 | 49.344,00 kr./ár |
| MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri | 130,79 | 135,19 kr./dag |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS.

Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| <i>Rúmmál húss utanmál m³</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|-------------------------------|---------------|------------------|
| Allt að 400 m³ | 165.578,00 | 171.141,00 kr. |
| Yfir 400 - 2000 m³ | 132,25 | 136,69 kr./m³ |
| 2000 m³ | 377.174,00 | 389.847,00 kr. |
| Yfir 2000 - 6000 m³ | 111,53 | 115,28 kr./m³ |
| 6000 m³ | 823.263,00 | 850.925,00 kr. |
| Yfir 6000 - 10000 m³ | 99,51 | 102,85 kr./m³ |
| 10000 m³ | 1.221.288,00 | 1.262.323,00 kr. |
| Yfir 10000 m³ | 86,39 | 89,29 kr./m³ |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá HS og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

| <i>Stærð mæla</i> | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|----------------------------|---------------|----------------|
| Fyrir mæla 20 mm og minni | 24.299,00 | 25.115,00 kr. |
| Fyrir mæla 25 - 50 mm | 54.501,00 | 56.332,00 kr. |
| Fyrir mæla 65 mm og stærri | 97.399,00 | 100.672,00 kr. |

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS hefur rétt til að loka aðrennslu heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennslu að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni:

| | <i>án vsk</i> | <i>m. vsk</i> |
|--------------|---------------|---------------|
| Opnunargjald | 3.943,00 | 4.909,00 kr. |

9. gr.

Eftirlitsmanni HS skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust

Nr. 274

21. mars 2007

fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Í útreikningi á 7,0% vsk. hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu ríkissjóðs á vsk.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 2007 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 534, 9. júlí 2003, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. mars 2007.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2007